

Föstudaginn 14. júlí 1995.

Nr. 16/1995.

**Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga**

(Viðar Már Matthíasson hrl.)

gegn

**borgarstjóranum í Reykjavík f.h.**

**Reykjavíkurborgar og**

(Hjörleifur B. Kvaran hrl.)

**Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar**

(Gestur Jónsson hrl.)

Kjarasamningur. Samningsaðild.

**Dómur Félagsdóms.**

Mál þetta dæma Eggert Óskarsson, Björn Helgason, Ingibjörg Benediktsdóttir, Þorsteinn A. Jónsson og Gísli Gíslason.

Stefnandi er Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga, kt. 571094-2409, Suðurlandsbraut 22, Reykjavík.

Stefndu eru Borgarstjórnin í Reykjavík f.h. borgarstjórnar Reykjavíkur, kt. 530269-7609, Ráðhúsi Reykjavíkur, Reykjavík og Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar, kt. 620269-2989, Grettisgötu 89, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þessar:

1. Að viðurkennt verði með dómi Félagsdóms, að Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga fari með samningsaðild fyrir Eddu Hjaltsted, kt. 110845-3759, Ásvallagötu 73, Reykjavík, við gerð kjarasamninga við Reykjavíkurborg vegna starfa hennar sem forstöðumanns við félags- og þjónustumiðstöð og þjónustuíbúðir aldraðra við Lindargötu í Reykjavík.
2. Að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða stefnanda málskostnað vegna meðferðar málsins fyrir Félagsdómi samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

Stefndi, Reykjavíkurborg, krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda. Þá krefst stefndi málskostnaðar úr hendi stefnanda skv. mati dómsins.

Stefndi, Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar, krefst þess að sýknað verði af kröfu stefnanda og honum verði gert að greiða stefnda málskostnað.

Mál þetta var þingfest 4. maí 1995.

*Málavaxtalýsing stefnanda.*

Stefnandi kveður nauðsynlegt að lýsa málsatvikum ítarlega, bæði vegna fyrirmæla í 50. gr. l. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur, svo og til þess að samhengi málsástæðna hans verði ljóst, sbr. 80. gr. l. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. og 69. gr. l. 80/1938.

Stefnandi er stéttarfélag hjúkrunarfræðinga. Félagið var stofnað þann 14. janúar 1994 við sameiningu Hjúkrunarfélags Íslands og Félags háskólamenntaðra hjúkrunarfræðinga. Runnu eignir félaganna tveggja til hins nýja félags og urðu félagsmenn þeirra félagsmenn í hinu nýja stéttarfélagi, sem tók við öllum réttindum og skyldum félaganna tveggja. Stefnandi kveður að meðal félagsmanna sinna sé Edda Hjaltested, en hún hafi lokið prófi sem hjúkrunarfræðingur á árinu 1968 og þá þegar orðið félagi í Hjúkrunarfélagi Íslands. Stefnandi kveður Eddu Hjaltested hafa lokið við framhaldsmenntun í stjórnun sem er 30 eininga nám og hafi hún lokið þessu námi á árinu 1986. Stefnandi kveður starfsferil Eddu Hjaltested hafa verið á sviði hjúkrunar allt frá því að hún lauk námi. Lengst af hafi hún starfað á Íslandi, en einnig í Danmörku, þar sem hún hafi fengið leyfi heilbrigðisyfirvalda til þess að starfa sem hjúkrunarfræðingur. Stefnandi kveður Eddu Hjaltested hafa starfað í 10 ár sem deildarstjóri á göngudeild fyrir speglanir og lyfjameðferð krabbameinsjúklinga á St. Jósefsspítala, Landakoti, en síðar hafi hún um nær fjögurra ára skeið verið hjúkrunarframkvæmdastjóri á St. Jósefsspítala, Landakoti. Hún hafi því auk náms síns og starfsreynslu á sviði hjúkrunarfræði einnig nám og starfsreynslu á sviði stjórnunar á sjúkrastofnun, sem einnig rekur þjónustu fyrir aldraða.

Stefnandi kveður Reykjavíkurborg hafa byggt félags- og þjónustumiðstöð fyrir aldraða við Lindargötu í Reykjavík. Starfsemi sú, sem fram fer í félags- og þjónustumiðstöðinni er á vegum Félagsmálastofnunar Reykjavíkurborgar. Stefnandi kveður þá stofnun hafa á árinu 1993 farið að undirbúa starfsemina. Sem lið í þeim undirbúningi hafi Sigurbjörg Sigurgeirsdóttir, yfirmaður öldrunarþjónustudeildar stofnunarinnar, ritað bréf til félagsmálaráðs þann 3. nóvember 1993, þar sem fjallað hafi verið um starfsemi þá, sem reka átti í húsinu. Stefnandi kveður í bréfinu m.a. hafa verið fjallað um væntanlegan forstöðumann félags- og þjónustumiðstöðvarinnar í bréfi þessu, en þá þegar hafði staða hans verið auglýst og rann umsóknarfrestur út þann 29. október 1993. Í bréfinu sé m.a. um það

fjallað, að verið geti að forstöðumaður með háskólamenntun yrði ráðinn og yrði að taka tillit til þess við ákvörðun launakjara.

Í auglýsingu um stöðu forstöðumanns, kveður stefnandi að fram hafi komið gróf lýsing á þeirri starfsemi, sem gert var ráð fyrir að yrði í hinni nýju félags- og þjónustumiðstöð, og hafi sú lýsing í aðalatriðum verið eftirfarandi:

„Þjónustuíbúðir, félags- og þjónustumiðstöð, dagvist fyrir aldraða og framleiðslueldhúsi.

Starfið er fólgið í stjórnun félags- og tómsundastarfs í félags- og þjónustumiðstöðinni, yfirumsjón með hverfisbundinni félagslegri heimaþjónustu í því hverfi sem stöðin tekur til svo og yfirumsjón með annarri starfsemi sem fram fer í húsunum, s.s. þjónustu við íbúa í þjónustuíbúðum.

Verkefnin eru fjölþætt og af ólíkum toga s.s. mat á þjónustupörf einstaklinga . . .

Æskileg menntun á sviði félags- og/eða heilbrigðisþjónustu.

. . .

Laun skv. kjarasamningum Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar eða viðkomandi stéttarféлага og Reykjavíkurborgar.“

Stefnandi, sem kveðst hafa kjarasamning við Reykjavíkurborg og hafi forverar sínir haft slíka kjarasamninga á þeim tíma, sem auglýsing þessi var birt, segir félagsmann sinn, Eddu Hjaltsted, hafa sótt um starf þetta og hafi hún fengið starfið. Í framhaldi af því hafi hún rætt við Jón Kristjánsson, starfsmannastjóra hjá stefnda Reykjavíkurborg, og hafi hann tjáð henni að ekkert yrði því til fyrirstöðu að laun hennar yrðu miðuð við tiltekinn launaflokk í kjarasamningi Hjúkrunarfélags Íslands og Reykjavíkurborgar. Tilkynnti Edda Hjaltsted, að sögn stefnanda þetta til yfirmanns öldrunarþjónustudeildar Félagsmálastofnunar Reykjavíkurborgar.

Stefnandi kveður Eddu Hjaltsted þegar á þessu tímamarki hafi gert starfsmannastjóra stefnda, Reykjavíkurborgar, og yfirmanni öldrunarþjónustudeildar Félagsmálastofnunar hans, grein fyrir því að hún æskti þess að vera áfram í Hjúkrunarfélagi Íslands og í Lífeyrissjóði hjúkrunarkvenna.

Yfirmaður öldrunarþjónustudeildar ræddi starfskjör Eddu Hjaltsted við starfsmannastjóra Reykjavíkurborgar og ritaði bréf um það efni þann 23. febrúar 1994, en Edda Hjaltsted hafði hafið störf þann 1. febrúar það ár. Í framhaldi af því tilkynnti starfsmannastjóri

Eddu Hjaltsted það í bréfi dags. 7. mars 1994, að upplýsingar þær, sem hann áður hafði gefið í samtali um launakjör hennar o.fl., hefðu byggst á misskilningi.

Í téðu bréfi kveður stefnandi að eftirfarandi komi m.a. fram:

„Með hliðsjón af ofanrituðu verð ég því að draga til baka það sem ég sagði um launakjör. Um er að ræða almennt stjórnunarstarf og ekki er gerð krafa um að starfið skuli einungis skipað manni með hjúkrunarfræðimenntun. Við ákvörðun launakjara verða því að sjálfsgöðu hliðstæð störf höfð til viðmiðunar.

Athuga þarf sérstaklega með stéttarfélagsaðild þar sem ekki er um að ræða starf þar sem hjúkrunarfræðimenntunar er krafist eins og fyrr var minnst á.“

Í framhaldi af móttöku bréfs þessa kveður stefnandi Eddu Hjaltsted hafa ritað bréf til starfsmannastjóra stefnda, Reykjavíkurborgar og yfirmanns öldrunardeildar Félagsmálastofnunar Reykjavíkurborgar, en bréf þetta sé dagsett þann 9. maí 1994. Í bréfinu hafi verið fjallað um launakjör o.fl. og ýmis önnur atriði í sambandi við ráðninguna. Var að sögn stefnanda einkum lögð áhersla á að bréfritari héldi óbreyttum starfskjörum frá því, sem hún hafði áður haft og að hún héldi aðild að Lífeyrissjóði hjúkrunarkvenna.

Stefnandi kveður starfsmannastjóra Reykjavíkurborgar hafa svarað bréfi þessu með öðru dagsettu þann 26. maí 1994. Þar hafi komið fram án nokkurs fyrirvara sú sérstæða fullyrðing að stefndi, Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar, semdi um launakjör forstöðumanna þjónustufúða og þjónustumiðstöðva og það væri brot á lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna ef samið yrði við Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga um „umrætt starfsheiti“. Kveður stefnandi að jafnframt sé upplýst í bréfinu, að starfsmannahald Reykjavíkurborgar sé tilbúið til þess að:

„kanna viðhorf og mæla með því við Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar að þér verðið áfram innan raða Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga. Ef starfsmannafélagið samþykkir erindi yðar þá verður ósk yðar um áframhaldandi sjóðsaðild í lífeyrissjóði hjúkrunarfræðinga samþykkt.“

Starfsmannastjóri Reykjavíkurborgar ritaði annað bréf til Eddu Hjaltsted og því fylgdi ljósrit af bréfi Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar. Stefnandi kveður efni bréfa þessara hafa í aðalatriðum verið á þann veg, að stefndu telji sig geta ákveðið að Edda Hjalte-

sted skuli, þó hún hafi aldrei óskað eftir aðild að Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar, vera félagi í því stéttarfélagi sem bréfitarar telji að „eigi sammingsrétt um framangreint starfsheiti“. Er því algerlega hafnað í bréfunum að Edda Hjaltested geti verið félagi í því stéttarfélagi, sem hún átti aðild að.

Í framhaldi af þessu sneri Edda Hjaltested sér til stefnanda og leitaði liðsinnis félagsins. Kveðst stefnandi hafa fengið frá henni bréf dags. 26. júlí 1994. Í því bréfi hafi Edda Hjaltested rökstutt rækilega að starf hennar sem forstöðumaður Félags og þjónustumiðstöðvar aldraðra við Lindargötu væri þess eðlis, m.a. vegna þess að hún væri samkvæmt skipuriti yfirmaður dagdeildar fyrir alzheimer-sjúklinga, að það krefðist menntunar hennar og starfsreynslu á sviði hjúkrunar auk stjórnunarreynslu og menntunar, enda væru öll rök til að ætla að einmitt þess vegna hefði hún fengið þetta starf en ekki annar umsækjandi um það. Í bréfinu hafi Edda Hjaltested einnig upplýst, að hjúkrunarfræðingar sem hafi gegnt sambærilegum stjórnunarstörfum í öldrunarþjónustudeild Félagsmálastofnunar Reykjavíkurborgar hafi verið félagar í Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga, eða forverum þess. Tilgreinir Edda Hjaltested fjóra forstöðumenn í því sambandi. Jafnframt er því lýst að hún hafi talið fullvíst er hún réði sig til starfsins, að hún héldi félags- og lífeyrisréttindum sínum, enda hefði hún ekki þegið starfið ef henni hefði verið ljóst að hún myndi þurfa að skipta um stéttarfélag og lífeyrisjóð. Leitaði Edda Hjaltested með þessu bréfi ásjár stéttarfélags síns, stefnanda máls þessa.

Nokkrum dögum síðar, eða 29. júlí 1994, kveður stefnandi Eddu Hjaltested hafa ritað starfsmannastjóra Reykjavíkurborgar bréf, þar sem óskað var eftir rökstuðningi vegna ákvörðunar þessa stefnda um stéttarfélagsaðild hennar. Í bréfinu rökstyður hún einnig hvers vegna hún sætti sig ekki við niðurstöður Reykjavíkurborgar um þetta efni. Stefnandi kveður Eddu Hjaltested hafa samdægurs ritað bréf til stefnda, Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar, þar sem hún hafi krafist þess að þessi stefndi drægi til baka ákvörðun um að þvinga hana til aðildar að félaginu. Stefnandi kveður kröfum Eddu Hjaltested hafa verið hafnað bréflega af báðum stefndu.

Stefnandi kveðst hafa tekið málefni þetta til umfjöllunar og hafa sent það til skoðunar hjá laganefnd Bandalags háskólamanna – BHMR, en að þeim heildarsamtökum eigi hann aðild. Segir stefn-

andi að niðurstaða laganeftndar heildarsamtakanna hafi verið sú, að Edda Hjaltsted eigi rétt til þess að vera félagi í Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga og félaginu beri að fylgja þessum rétti eftir, enda hafi félagið ekki rétt til samningsaðildar fyrir hennar hönd, nema ljóst sé að hún sé félagsmaður í félaginu. Í framhaldi af þessu kveðst stefnandi hafa ritað stefnda Reykjavíkurborg bréf sem stefndi Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar hafi fengið afrit af, þar sem krafist hafi verið endurskoðunar á fyrri afstöðu er varðar Eddu Hjaltsted. Stefndi Reykjavíkurborg hafnaði þessari kröfu með bréfi dags. 14. febrúar 1995.

Kveðst stefnandi því, í ljósi framanritaðra málsatvika, ekki eiga annars kost en að höfða mál fyrir Félagsdómi til þess að fá viðurkenndan rétt sinn til samningsaðildar fyrir Eddu Hjaltsted vegna starfs þess sem hún gegnir hjá stefnda Reykjavíkurborg, og lýst hefur verið.

Stefnandi kveður mál þetta lúta dómsvaldi Félagsdóms á grundvelli 1. tl. 1. mgr. 26. gr. l. 94/1986, en í ákvæði þessu segi, að undir dómsvald Félagsdóms falli m.a. að dæma um ágreining er lítur að samningsaðild einstakra stéttarféлага „og til hvaða starfsmanna samningsaðild þeirra nær“.

Stefnandi kveður, að málshöfðun þessi beinist eðli málsins samkvæmt einkum að stefnda Reykjavíkurborg, en nauðsynlegt sé að stefna einnig Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar, enda þurfi það félag að vera aðili málsins til þess að vera bundið af dómi í því. Vekur stefnandi einnig athygli á því, að af bréfum stefnda Reykjavíkurborgar sem fram eru lögð í málinu virðist svo sem hann feli stefnda Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar allt að því ákvörðunarvald um félagsaðild og þar með samningsrétt vegna Eddu Hjaltsted. Telur stefnandi að þessi afstaða stefnda Reykjavíkurborgar eigi sér ekki lagastöð.

#### *Málsástæður og lagarök stefnanda.*

Stefnandi kveðst einkum byggja á þeim málsástæðum, að stefndu geti ekki einhliða ákveðið hvernig félagsaðild Eddu Hjaltsted sé háttað og þar með hvaða stéttarfélag eigi samningsaðild fyrir hana. Stefnandi byggir á því, að starf forstöðumanns við Félags- og þjónustumiðstöð aldraðra við Lindargötu, þar sem m.a. verði dagdeild, rekin á daggjöldum, fyrir alheimersjúklinga, sé þess eðlis að félagsmaður í Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga, sem ráðinn sé starf-

ið og óski að vera í því stéttarfélagi áfram, eigi til þess fullan rétt að lögum.

Stefnandi byggir á því, að hjúkrunarfræðingar í sambærilegum stjórnunarstörfum séu allir félagsmenn sínir og fari hann með samnangaðild fyrir þá.

Stefnandi byggir einnig á því að hluti af starfsemi Félags- og þjónustumiðstöðvarinnar, þ.e. einkum dagdeild fyrir heilabilaða einstaklinga (alzheimersjúklinga) sé sjúkrahús í skilningi laga um heilbrigðisþjónustu og þurfi leyfi heilbrigðisráðherra til starfseminnar og að skylt sé samkvæmt lögum að þar starfi manneskja með menntun á sviði heilbrigðisþjónustu. Sé því tilvist manneskju með menntun, sambærilega og menntun Eddu Hjaltested félagsmanns stefnanda, skilyrði fyrir því að starfsleyfi fáiast, eða a.m.k. algerlega nauðsynleg til þess að vistmönnum og öðrum verði sinnt svo sem vera ber. Á dagdeildinni verði hjúkrunardeildarstjóri undir stjórn Eddu Hjaltested, sem hafi stöðu hjúkrunarforstjóra, en læknir verði einungis í 10-20% starfi í tengslum við dagdeildina.

Þá annist Edda Hjaltested í starfi sínu sem forstöðumaður mat á þörf íbúa í 94 íbúðum við Lindargötu fyrir lækniástoð eða heilbrigðisþjónustu almennt og hafi einnig í mörgum tilvikum milligöngu milli þessara íbúa og lækna þeirra. Hún annist m.a. ýmislegt eftirlit með íbúum þessum að beiðni lækna þess, t.d. blóðþrýstingsmælingar vegna breytinga á lyfjagjöf o.fl.

Þá byggir stefnandi á því, að það sé grundvallarregla, sem varin sé af stjórnarskrá og sé hluti af alþjóðlegum samingsskuldbindingum Íslands, að virða félagafrelsi, en í félagafrelsi felist m.a. að ekki megi þvinga mann til aðildar að tilteknu stéttarfélagi, ef hann er félagsmaður í öðru stéttarfélagi, sem getur farið með samingssumboð fyrir hann. Stefnandi kveðst telja að ákvæði I. kafla l. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna beri að túlka í samræmi við þetta.

Þá leggur stefnandi áherslu á að Edda Hjaltested hafi gengið út frá því við umsókn um starfið, og haft til þess fullgild rök miðað við fyrirséð eðli starfsins, auglýsingu um það og viðræður við fulltrúa stefnda, Reykjavíkurborgar, að hún gæti verið áfram félagsmaður stefnanda notið kjarasamninga félagsins og átt aðild að lífeyrissjóði starfsstéttarinnar.

Stefnandi bendir einnig að Edda Hjaltested hafi aldrei óskað eftir

að vera aðili í Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar og vilji ekki vera í því félagi, þrátt fyrir þvinganir stefndu í þá veru.

Stefnandi kveðst einkum vísa til reglna I. kafla laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna, svo og til 11. gr. mannréttindasáttmála Evrópu og 5. gr. félagsmálasáttmála Evrópu og samþykktu, sem gerðar hafa verið á grundvelli þess sáttmála.

Stefnandi kveður mál þetta eiga undir Félagsdóm skv. 1. tl. 1. mgr. 26. gr. l. 94/1986.

Málkostnaðarkröfu sína styður stefnandi við XXI. kafla laga 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 69. gr. l. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur.

*Málavaxtalýsing stefnda Reykjavíkurborgar.*

Stefndi, Reykjavíkurborg, telur nauðsynlegt að reifa málavexti nánar en fram kemur í stefnu. Byggist það m.a. á því að stefndi telur málavaxtalýsingu stefnanda oft á tíðum villandi.

Í upphafi telur stefndi rétt að gera grein fyrir starfsemi þeirri og þeim íbúum sem búa við Lindargötu 57-66 í Reykjavík. Á Lindargötu 57-66 séu almennar og félagslegar kaupleiguíbúðir svo og félagslegar leiguíbúðir fyrir aldraða. Starfsemi sú sem fram fari á vegum stefnda, Reykjavíkurborgar, að Lindargötu sé fólgin í félagslegri heimaþjónustu fyrir aldraða í viðkomandi hverfi svo og ýmis þjónusta við íbúa í þjónustuíbúðum, sbr. ákvæði laga nr. 82/1989 um málefni aldraðra, einkum III kafla. Allir íbúar að Lindargötu sjái um sig sjálfir og haldi sín heimili og njóti einungis aðstoðar í formi heimaþjónustu. Heimaþjónusta þessi sé fólgin í aðstoð við þrif, ýmis aðstoð á heimilum og þess háttar. Jafnframt fari tólmstundarstarf aldraðra fram á þessum stað. Félags- og þjónustumiðstöðvar sem þessar veiti hins vegar hvorki læknaaðstoð né hafi þær umsjón með heimahjúkrun. Slík þjónusta sé rekin af ríkinu og sjái heilsugæslustöð sú, sem hverfinu þjóni, um þann þátt ef nauðsyn beri til. Þá sé rétt að benda á að hver og einn íbúi að Lindargötu hafi sinn eigin heimilislækni eins og aðrir borgarþáttar. Þannig hafi félags- og þjónustumiðstöðin að Lindargötu ekkert með áður nefnda þætti að gera, þ.e. hvorki heimahjúkrun né lækniþjónustu við íbúa.

Í októbermánuði 1993 hafi starf forstöðumanns félags- og þjónustumiðstöðvar að Lindargötu verið auglýst laust til umsóknar. Hafi starfið verið auglýst þann 17. október 1993 og hafi umsóknarfrestur verið til 29. október s.á. Í auglýsingu um starfið hafi starfssviðið verið



lýst í meginatriðum og hvers kyns menntun og reynsla væri æskileg. Hins vegar hafi ekki verið gerðar skýlausar kröfur til tiltekinnar menntunar enda starf ekki þess eðlis. Svo sem fram komi í stefnu hafi Edda Hjaltested verið umsækjandi um starf forstöðumanns þjónustumiðstöðvarinnar að Lindargötu og hafi hún verið ráðin í starfið. Af hálfu stefnda hafði Sigurbjörg Sigurgeirsdóttir, yfirmaður öldrunarþjónustudeildar, með ráðningu þessa að gera. Edda Hjaltested leitaði upplýsinga hjá Sigurbjörgu um starf það er hún hafði sótt um og þau kjör sem í boði voru. Fram hafi komið í máli Sigurbjargar að um almennt stjórnunarstarf væri að ræða og að hjúkrunarfræðimenntunar væri ekki krafist. Viðkomandi forstöðumaður væri í raun ábyrgur fyrir rekstri og fjármálum félags- og þjónustumiðstöðvarinnar. Mun Sigurbjörg hafa upplýst Eddu um að starfsemi sú sem hefja ætti að Lindargötu væri hliðstæð starfsemi þeirri sem fram færi í þjónustufbúðum aldraðra að Dalbraut 21-27 í Reykjavík. Jafnframt hafi Sigurbjörg upplýst um launakjör þau sem í boði væru og að þau grundvölluðust á kjarasamningi Reykjavíkurborgar og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar. Launaflokkaröðun starfsheitis skyldi miðast við launaflokk 247. Upplýsingar þær sem lagðar hafi verið fyrir Eddu komi fram í bréfi Sigurbjargar til félagsmálastjóra og formanns félagsmálaráðs dags. 3. nóvember 1993.

Skemmt sé frá því að segja að Edda Hjaltested hafi tekið boði um starf þetta samkvæmt þeim kjörum sem í boði voru og hafi formlega verið gengið frá ráðningu hennar á fundi félagsmálaráðs þann 29. nóvember 1993. Í desembermánuði s.á. hafi Edda sett fram ósk um að laun og önnur kjör hennar tækju mið af kjarasamningi Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga við Reykjavíkurborg og jafnframt að hún ætti kost á lífeyrissjóðsaðild að Lífeyrissjóði hjúkrunarkvenna. Hafi hún leitað til starfsmannastjóra Reykjavíkurborgar um aðstoð í þeim efnum. Á þeirri stundu hafði starfsmannastjóri ekki fullnægjandi upplýsingar um starfsemi þá sem fyrirhuguð var að Lindargötu og taldi að um hjúkrunarstofnun væri að ræða. Samtal þetta hafi átt sér stað þann 28. desember 1993 eða réttum mánuði eftir að félagsmálaráð hafði gengið frá ráðningu Eddu. Að sjálf-sögðu hafi misskilningur þessi verið leiðréttur eftir að réttar upplýsingar höfðu borist frá Sigurbjörgu Sigurgeirsdóttur, yfirmanni öldrunarþjónustudeildar. Í ljósi þessa er þeim fullyrðingum mót-

mælt sem fram koma í stefnu að Edda „hafi talið fullvíst er hún réði sig til starfsins að hún héldi félags- og lífeyrissjóð sínum, enda hefði hún ekki þegið starfið ef henni hefði verið ljóst að hún myndi þurfa að skipta um stéttarfélag og lífeyrissjóð.“

Edda Hjaltsted hafi ritað starfsmannastjóra bréf dags. 9. maí 1994 þar sem kröfu hennar um aðild að Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga og lífeyrissjóði hjúkrunarkvenna var komið á framfæri. Þar sem um almennt stjórnunarstarf hafi verið að ræða og ekki hafi verið gerð krafa um hjúkrunarfræðimenntun hafi það verið skilningur starfsmannastjóra að um launakjör vegna þessa starfs skyldi farið samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar. Hafi það og verið í samræmi við almenna túlkun og framkvæmd á lögum nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna svo og það sem Eddu hafði verið kynnt af Sigurbjörgu við ráðningu. Engu að síður hafi starfsmannastjóri leitað eftir samkomulagi við Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar um félagsaðild Eddu. Rétt sé að taka fram að mál Eddu Hjaltsted sé langt í frá fyrsta ágreiningsmál þessa efnis sem risið hafi á milli Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar og fagstéttarféлага. Svo sem rakið sé í stefnu og gögnum málsins hafi beiðni þessari verið hafnað enda telur Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar samningsrétt sinn samkvæmt lögum nr. 94/1986 taka til þessa starfs.

Fyrirhugað sé að setja á fót dagvistun fyrir heilabilaða einstaklinga að Lindargötu. Til að forðast misskilning skuli tekið fram að sérstakri aðstöðu hafi verið komið upp fyrir dagvistun þessa og verði hún rekin í tengslum við félags- og þjónustumiðstöðina. Ekki sé hér um hjúkrun eða annað þess háttar að ræða heldur einungis dagvistun, þ.e. frá kl. 9.00-17.00. Félagsmálastofnun hafi nú þegar lagt fram umsókn til heilbrigðisráðuneytisins um rekstrarleyfi. Fyrirhugað sé að ráða starfsmenn til starfa á dagvistun þessari og mun hinn faglegi þáttur vera á ábyrgð þeirra. Hins vegar muni staða Eddu Hjaltsted verða sú sama gagnvart dagvistun fyrir heilabilaða einstaklinga og gagnvart öðrum deildum félags- og þjónustumiðstöðvarinnar, þ.e. ábyrgð á rekstri og fjármálum.

*Málsáætæður og lagarök stefnda Reykjavíkurborgar.*

Af hálfu stefnda, Reykjavíkurborgar, er á því byggt að með gildistöku laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna hafi þeim fagstéttarfélagum, sem uppfylla nánar tiltekin skilyrði

laganna, verið trygður réttur til kjarasamningsgerðar. Jafnframt hafi lög nr. 94/1986 að geyma takmarkanir í þessum efnum og þar komi m.a. fram að einungis eitt stéttarfélag geti farið með samningsumboð fyrir starfsmann. Frá gildistöku laga nr. 94/1986 hafi sá skilningur verið uppi að fagstéttarfélög geti einungis haft samningsumboð fyrir þau störf eða starfsheiti þar sem umræddrar fagmenntunar er beinlínis krafist. Hafi verið á því byggt að í öðrum tilvikum verði kjarasamningur Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar lagður til grundvallar. Svo sem áður hafi komið fram hafi ekki verið krafist tiltekinnar fagmenntunar í starf það sem Edda Hjaltested gegnir nú á vegum stefnda. Starf þetta hafi verið auglýst sem almennt stjórnunarstarf og í raun hafi tilviljun ein ráðið því að starfsmaður með hjúkrunarfræðimenntun skyldi hafa verið ráðinn. Sá forstöðumaður sé, eins og áður hafi komið fram, rekstrar- og fjármálalega ábyrgur. Fagþjónusta, eins og heimahjúkrun og læknishjálp, sem íbúar að Lindargötu njóti sé veitt af viðkomandi heilsugæslustöðvum, sem reknar séu af ríkinu og á ábyrgð þeirra og dagvist sú sem fyrirhugað sé að setja á fót fyrir heilabílaða einstaklinga verði faglega leidd af hjúkrunarfræðingi og öðrum starfsmönnum sem ráðnir verða.

Umsækjendur um stöðu forstöðumanns félags- og þjónustumiðstöðvar að Lindargötu hafi verið með margvíslega menntun og starfsreynslu og hafi margir hæfir umsækjendur komið til álitu. Það sem mun þó hafa vegið þyngst við ákvörðun um ráðningu Eddu hafi verið almenn og góð þekking á rekstri og reynsla af stjórnun og starfi innan öldrunarþjónustu. Af lýsingu þeirri sem fram hafi komið á starfsemi félags- og þjónustumiðstöðvarinnar bendi stefndi á að fráleitt verði gerð krafa um hjúkrunarfræðimenntun í þessa stöðu. Umsækjendur um starf þetta hafi verið 14 og var Edda Hjaltested eini umsækjandinn sem hafði hjúkrunarfræðimenntun.

Stefndi bendir ennfremur á að Edda Hjaltested hafi verið kynnt þau launakjör sem í boði voru áður en hún var ráðin. Þau hafi verið grundvölluð á kjarasamningi Reykjavíkurborgar og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar. Ennfremur liggja fyrir að fyrirhuguð starfsemi að Lindargötu og staða forstöðumanns væri sambærileg og í þjónustuíbúðum aldraðra að Dalbraut 21-27. Af hálfu stefnda er á það bent að forstöðumaður að Dalbraut 21-27 sé sjúkraliði að mennt og taki laun og önnur kjör í núverandi starfi samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og Starfsmannafélags Reykjavík-

urborgar. Sé það og í samræmi við þau kjör sem Eddu hafi verið kynnt og hún gekkst að með ráðningu sinni sem staðfest hafi verið í félagsmálaráði þann 29. nóvember 1993. Er því þeim fullyrðingum stefnanda mótmælt sem röngum að hún hafi haft ástæðu til og full rök að ætla að um launakjör hennar færi samkvæmt kjarasamningi Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga við Reykjavíkurborg. Telur stefndi að Edda hafi hvorki í upphafi ráðningar né síðar haft réttmæta ástæðu til að ætla slíkt. Þá telur stefndi þær fullyrðingar stefnanda fráleitara að Edda Hjaltested hafi gengið út frá því við umsókn sína um starfið að um óbreytta stéttarfélags- og lífeyrissjóðsaðild væri að ræða. Af auglýsingu um starfið og upplýsingum sem hún hafi fengið frá yfirmanni öldrunardeildar telur stefndi Eddu ekki hafa haft nokkra réttmæta ástæðu til að ætla að svo væri.

Af hálfu stefnda er því og mótmælt að fyrirhuguð dagvistun að Lindargötu sé sjúkrahús í skilningi laga um heilbrigðisþjónustu. Virðist hér um misskilning að ræða á eðli þeirrar starfsemi. Fyrirhugað sé að reka dagvistun fyrir heilabilaða einstaklinga. Þar muni heilabilaðir einstaklingar koma víða að úr borginni og dvelja yfir daginn en fara svo hver til síns heima að kvöldi, en opnunartími sé áætlaður frá kl. 9.00 til 17.00. Ekki sé um hjúkrun að ræða heldur einungis dagvistun. Starfsemi þessarar dagvistunar grundvallist því ekki á lögum um heilbrigðisþjónustu heldur ákvæðum 3. tl. 17. gr., sbr. 21. gr. laga nr. 82/1989 um málefni aldraðra. Í umsókn um starfsleyfi segir að megináhersla sé lögð á gæslu, örvun og þjálfun. Vill stefndi sérstaklega benda á fylgiskjal með bréfi til heilbrigðisráðherra þar sem fram komi áætlun um rekstur dagvistunar fyrir heilabilaða einstaklinga. Þar kemur fram að fyrirhugað sé að ráða m.a. hjúkrunarfræðing, iðjuþjálfva, sjúkraliða og lækni til starfa og sé fagleg umsjón í þeirra höndum. Hin rekstrar- og fjármálalega umsjón verði hins vegar í höndum forstöðumanns félags- og þjónustumiðstöðvar að Lindargötu.

Þá vill stefndi mótmæla fullyrðingum stefnanda um starfssvið Eddu Hjaltested sem fram hafa komið. Í stefnu sé því haldið fram að Edda Hjaltested annist mat á lækniþörf fyrir íbúa í 94 íbúðum að Lindargötu og hafi í mörgum tilvikum milligöngu milli þessara íbúa og lækna. Þessi fullyrðing á starfssviði Eddu sé röng. Félags- og þjónustumiðstöðin að Lindargötu hafi heimaþjónustu á sinni hendi en ekki heimahjúkrun. Á þessu tvennu sé grundvallarmunur.

Heimþjónustan felist í aðstoð við aldraða til að halda heimili, aðstoð við þrif o.fl. Aðstaða þessara einstaklinga sé hins vegar sú að þeir geti búið sjálfir og séð um sig sjálfir og njóti líkt og aðrir aldradír aðstoðar þeirrar sem áður greinir. Heimahjúkrun sé hins vegar rekin af ríkinu og sjái heilsugæslustöð sú, sem þjónar hverfinu, alfarið um þann þátt. Því hafi hvorki Edda Hjaltsted né aðrir starfsmenn Reykjavíkurborgar á félags- og þjónustumiðstöðinni að Lindargötu neitt með þessi mál að gera. Í annan stað er bent á að hver og einn íbúi að Lindargötu hafi sinn eigin heimilislækni. Í starfi Eddu felist engin milliganga við lækna og íbúa eða önnur störf sem henni séu falin menntunar hennar vegna. Ljóst sé að lækna og starfsfólk heimahjúkrunar sjái um og fylgjast með íbúum að Lindargötu eins og öðrum einstaklingum hér í borg. Eftirlit eða umsjón með slíkum þáttum sé fráleitt í verkahring forstöðumanns enda sé ekki gerð krafa um hjúkrunarfræðimenntun til starfans og auk þess séu þessir þættir reknir og kostaðir af öðrum aðila, þ.e. ríkinu. Starfsmenn Reykjavíkurborgar við félags- og þjónustumiðstöðina að Lindargötu veiti því íbúum að Lindargötu 57-66 ekki annað en almenna aðstoð og milligöngu sem falli innan ramma heimþjónustusviðs. Allar tilraunir stefnanda í þá áttina að færa starfsemi þá, sem fram fari við félags- og þjónustumiðstöðina að Lindargötu, að hjúkrunarstofnunum séu því fráleitir og ítrekar stefndi að staða forstöðumanns þar sé gjörólík því sem sé meðal hjúkrunarforstjóra.

Af hálfu stefnda er á það bent að fjölmargar félags- og þjónustumiðstöðvar séu reknar hér í borg á hans vegum og sé starfssvið forstöðumanna þeirra svipað því sem eigi við um forstöðumann að Lindargötu 57-66. Menntun þeirra sé einnig mjög mismunandi. Launakjör þessara forstöðumanna grundvallast í öllum tilvikum á kjarasamningi Reykjavíkurborgar og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar.

*Málsástæður og lagarök stefnda Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar.*

Af hálfu stefnda er tekið fram að aðalatriði málavaxta séu þau, að mati stefnda, að ekki sé gerð krafa um sérstaka fagmenntun í starf forstöðumanns félags- og þjónustumiðstöðvar og þjónustuíbúða aldraðra við Lindargötu. Af gögnum málsins megi ráða að fyrst og fremst sé um að ræða almennt stjórnunarstarf þar sem

mannaforráð og fjárhagsleg ábyrgð séu aðalatriði starfslýsingar. Lýsing starfsins komi m.a. fram í auglýsingu um starfið. Þar komi jafnframt fram að engar sérstakar kröfur um menntun hafi verið gerðar til væntanlegra umsækjenda. Af starfslýsingunni megi ráða að menntun á sviði stjórnunar og rekstrar, t.d. viðskiptafræði, væri sennilega heppilegasta undirbúningsmenntunin, en hjúkrunarfræðimenntun, þótt góð sé, geti varla talist nauðsynlegur undirbúningur fyrir starfið.

Af gögnum megi ráða að starf forstöðumanns við Lindargötu sé sambærilegt eða álíka og starf forstöðumanns þjónustufúða aldradra á Dalbraut 21-27. Stefndi Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar (St.Rv.) hafi frá upphafi verið aðili að kjarasamningi við meðstefnda um það starf. Því starfi gegnir Margrét Einarsdóttir sem er félagsmaður í St.Rv. Hún sé sjúkraliði að mennt.

Híð nýja starf forstöðumanns þjónustumiðstöðvarinnar við Lindargötu hafi því augljóslega verið á samningssviði St.Rv. og í samræmi við það hafi St.Rv. og meðstefndi Reykjavíkurborg gert kjarasamning um það starf.

Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar sé stéttarfélag. Í A-hluta þess séu starfsmenn Reykjavíkurborgar, sem taki laun samkvæmt kjarasamningum, sem félagið geri við Reykjavíkurborg á grundvelli laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Gildi lög nr. 94/1986 um þessa starfsemi félagsins. Félagið hafði kjarasamning við Reykjavíkurborg skv. reglugerð nr. 236/1976 þegar lög nr. 94/1986 tóku gildi og öðlaðist því rétt til þess að gera kjarasamning við Reykjavíkurborg, skv. 4. gr. samningsréttarlaganna, við gildistöku þeirra.

Réttur annarra stéttarféлага til kjarasamningsgerðar við Reykjavíkurborg takmarkist af framangreindum rétti stefnda. Það sé meginregla um kjarasamninga opinberra starfsmanna að ekki skuli nema eitt stéttarfélag hafa rétt til samningsgerðar við sama vinnuveitanda fyrir sömu starfsstétt, sbr. 1. mgr. 6. gr. 1. nr. 94/1986. Er það afstaða stefnda að fagstéttarfélög, sem hafa rétt til kjarasamningsgerðar á grundvelli laga nr. 94/1986, geti einungis gert kröfu um kjarasamning um tiltekin störf í þeim tilvikum þegar þeirrar menntunar sé krafist í starfinu sem tilvist fagstéttarfélagsins byggist á. Stefndi heldur því fram að þessi háttur hafi frá upphafi verið viðurkenndur við framkvæmd laganna um kjarasamninga opinberra

starfsmanna. Stefnandi geti þá og því aðeins gert kröfu um samningsaðild fyrir starf forstöðumanns þjónustubúða við Lindargötu að hjúkrunarfræðimenntun sé áskilin varðandi starfið.

Að mati stefnda gæti önnur túlkun samningsréttarlaganna ekki gengið upp. Taka megi sem dæmi að sjúkraliði, leikskólakennari eða viðskiptafræðingur hefði verið ráðinn í starf forstöðumannsins. Menntunin hafi ekki verið áskilin, en engu að síður sé auðvelt að setja fram gild rök um að hún komi að góðum notum í forstöðumannsstarfinu, líkt og gert sé af hálfu stefnanda varðandi hjúkrunarfræðimenntun Eddu Hjaltested. Hefðu stéttarfélag sjúkraliða, leikskólakennara eða viðskiptafræðinga getað krafist kjarasamnings um starfið í þessum tilvikum? Að mati stefnda sé svo alls ekki. Fagstéttarfélög geti einungis krafist samningsréttarins þegar viðkomandi fagmenntun sé áskilin til starfsins.

Í 1. mgr. 7. gr. samningsréttarlaganna komi fram að starfsmaður eigi rétt til þátttöku í stéttarfélagi, sem fari með samningsumboð samkvæmt lögum þessum, eftir því sem samþykktir viðkomandi félags segja. Síðan segir að aðeins eitt stéttarfélag fari með umboð til samninga fyrir starfsmanninn. Samkvæmt þessu eigi Edda Hjaltested rétt á því að vera félagsmaður í St.Rv. Hún hafi hins vegar enga skyldu til þess, kjósi hún að vera utan félagsins. Henni sé að sjálf-sögðu frjálst að vera í Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga eða hverju öðru félagi sem heimili henni aðild, kjósi hún svo. Það breytir ekki því að St.Rv. fari með samningsumboð í kjarasamningi varðandi það starf sem hún sé ráðin í.

Sérstaklega er bent á að í 2. mgr. 7. gr. laganna sé beinlínis gert ráð fyrir þeirri aðstöðu að starfsmaður standi utan þess stéttarfélags sem hafi samningsumboð hans í kjarasamningum.

Því er andmælt að stefndu vilji ákveða félagsaðild Eddu Hjaltested. Þvert á móti sé viðurkennt að hún megi standa utan St.Rv. og vera aðili að hverju því félagi sem hún sjálf kjósi. Þetta hafi þó ekki þau áhrif að hún geti falið öðrum kjarasamningsforsvar varðandi það starf sem hún gegnir hjá Reykjavíkurborg. Því sé og sérstaklega andmælt að tilvist dagdeildar fyrir heilabílaða einstaklinga að Lindargötu geri forstöðumannsstarf stofnunarinnar að hjúkrunarfræðingsstarfi. Þeim þætti þjónustunnar sé sinnt af öðrum eins og fram kemur í greinargerð meðstefnda.

Því er andmælt að í sambærilegum stjórnunarstörfum hjá Reykja-

víkurborg séu hjúkrunarfræðingar sem stefnandi hafi samningsfor-svar fyrir. Forstöðumaður þjónustustofnunarinnar við Dalbraut 21-27, sem sé sambærileg stofnun, sé félagsmaður St.Rv. og hafi sjúkraliðamenntun.

Því er andmælt að hluti af starfsemi þjónustumiðstöðvarinnar við Lindargötu sé sjúkrahús í skilningi laga um heilbrigðisþjónustu. Vís-ast til greinargerðar meðstefnda þar sem þessi kenning stefnanda sé hrakin.

Því er andmælt að lög- og venjubundið fyrirkomulag kjarasamninga opinberra starfsmanna stangist á við grundvallarreglu sem leiða megi af stjórnarskrárákvæði um félagafrelsi og alþjóðlegum samningsskuldbindingum Íslands um félagafrelsi. Það sé ekki rétt að verið sé að þvinga Eddu Hjaltested til aðildar að St.Rv., eins og haldið sé fram, þvert á móti sé viðurkennt að hún megi standa utan félagsins.

Stefnda séu ókunnar samningsforsendur Eddu Hjaltested við ráðningu hennar. Það sé þó rétt að vekja athygli á því að misræmi virðist vera milli lýsingar hennar á samningsforsendum sínum í stefnu og skjölum málsins. Samkvæmt framlögðu bréfi virðist Edda hafa fyrst rætt við Jón G. Kristjánsson, starfsmannastjóra meðstefnda, þann 28. desember 1993 um möguleika á því að taka laun samkvæmt kjarasamningi Hjúkrunarfélags Íslands, en samkvæmt frásögn hennar sjálfrar í bréfi hafi hún verið ráðin til starfans í nóvember 1993. Á það skuli bent að hæpið sé að Félagsdómur hafi úrskurðarvald í málinu ef dómkrafan sé byggð á persónulegum samningsforsendum Eddu Hjaltested þar sem þær væru þá hluti af persónulegum ráðningarkjörum hennar, en vörðuðu ekki kjarasamninginn.

Stefndi byggir kröfur sínar á lögum nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna, einkum I. kafla laganna, á kjarasamningum sínum við meðstefnda og á viðurkenndum venjum um framkvæmd kjarasamninga.

Málskostnaðarkrafa stefnda er reist á XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 69. gr. I. nr. 80/1938. Við ákvörðun málskostnaðar ber að taka tillit til þess að stefndi hefur ekki frádráttarrétt vegna kostnaðar af virðisaukaskatti af aðkeyptri lögmannsþjónustu.



*Niðurstaða.*

Mál þetta á undir Félagsdóm samkvæmt 1. tl. 1. mgr. 26. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Starf forstöðumanns við félags- og þjónustumiðstöð og þjónustuíbúðir aldraðra við Lindargötu var auglýst laust til umsóknar í október 1993 og var umsóknarfrestur til 29. október s.á. Í auglýsingu um starfið var tekið fram að æskileg menntun væri á sviði félags- og/eða heilbrigðisþjónustu og laun væru samkvæmt kjarasamningum Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar eða viðkomandi stéttarfélaga og Reykjavíkurborgar. Edda Hjaltsted, hjúkrunarfræðingur, var meðal umsækjenda um starf þetta og var samþykkt á fundi félagsmálaráðs Reykjavíkurborgar hinn 29. nóvember 1993 að ráða hana í starfið.

Fyrir liggur samkvæmt gögnum máls að Edda Hjaltsted óskaði eftir því að vera áfram í Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga og Lífeyrissjóði hjúkrunarkvenna. Þeim sjónarmiðum var komið á framfæri við starfsmannastjóra stefnda, Reykjavíkurborgar, og var í fyrstu tekið undir þær væntingar hennar, en síðar algjörlega hafnað, eins og rakið hefur verið.

Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga er stéttarfélag, sem hefur rétt til að vera samningsaðili við stefnda Reykjavíkurborg samkvæmt ákvæðum 3. tl. 5. gr. laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Edda Hjaltsted er félagi í Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga.

Óumdeilt er að menntun Eddu Hjaltsted og starfsreynsla sem hjúkrunarfræðingur nýtist henni í starfi sem forstöðumaður við félags- og þjónustumiðstöð aldraðra við Lindargötu í Reykjavík. Samkvæmt því og með vísan til þess að samningsréttur stéttarfélaga samkvæmt 3. tl. 5. gr. laga nr. 94/1986 er ekki bundinn því skilyrði að hann taki einungis til þeirra félagsmanna viðkomandi stéttarfélags sem gegna störfum hjá viðsemjanda félagsins, þar sem starfsmenntun er áskilin, ber að fallast á þá kröfu stefnanda að Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga fari með samningsaðild fyrir Eddu Hjaltsted, kt. 110845-3759, Ásvallagötu 73, Reykjavík, við gerð kjarasamninga við Reykjavíkurborg vegna starfa hennar sem forstöðumanns við félags- og þjónustumiðstöð og þjónustuíbúðir aldraðra við Lindargötu í Reykjavík.

Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður falli niður.

## D ó m s o r ð:

Viðurkennt er að Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga fari með sammingsaðild fyrir Eddu Hjaltsted, kt. 110845-3759, Ásvallagötu 73, Reykjavík, við gerð kjarasamninga við Reykjavíkurborg vegna starfa hennar sem forstöðumanns við félags- og þjónustumiðstöð og þjónustufbúðir aldraðra við Lindargötu í Reykjavík.

---